



Fundur í sveitarstjórn

53. fundur sveitarstjórnar Langanesbyggðar haldinn í Þórsveri, Þórshöfn, fimmtudaginn 13. október 2016 og hófst kl 17:00.

Mætt voru: Hulda Kristín Baldursdóttir, Þorsteinn Ægir Egilsson, Þorsteinn Vilberg Þórisson, Heiðrún Óladóttir, Siggeir Stefánsson, Halldóra Jóhanna Friðbergdóttir, Karl Ásberg Steinsson og Nína Björg Sæmundsdóttir sem ritaði fundargerð.

Oddviti setti fundinn, bauð fundarmenn velkomna og spurði hvort gerð væri athugasemd við fundarboð. Svo var ekki.

Dagskrá:

1. Fundargerð 387. fundar stjórnar Hafnarsambands Íslands, dags. 19. sept. 2016.
2. Greið leið – árleg hlutafjárukning.
3. Innsent erindi – Nýtt rekstrarleyfi til sölu gistinga – ósk um umsögn
4. Ástand tengivega og afleggjara í sveitarfélaginu
5. Byggðastofnun – úthlutun aflamarks til Bakkafjarðar
6. Íslenska Gámafélagið - sorpurðun
7. Breyting á nefnd – Fræðslunefnd.
8. Skýrsla sveitarstjóra.
9. U-listinn ítrekar ósk um gögn vegna 6 mán. uppgjör. Hreyfingalista eftir deildum og málaflokkum.
10. U-listinn óskar eftir gögnum um kostnað sérfræðiþjónustu ársins 2016 – flokkað eftir fyrirtækjum og verktökum.
11. U-listinn ítrekar ósk um að fá að sjá eldri samning á milli Langanesbyggðar og Íslenska Gámafélagsins.

Fundargerð:

1. **Fundargerð 387. fundar stjórnar Hafnarsambands Íslands, dags. 19. sept. 2016.**

Fundargerð lögð fram til kynningar.

2. **Greið leið – árleg hlutafjárukning.**



LANGANESBYGGÐ

Greið leið stendur fyrir árlegri hlutafjárukningu sinni en einkahlutafélaginu ber að auka hlut sinn um 40 mkr. árlega á árabílinu 2013-2017. Hlutur Langanesbyggðar er 0,44% eða 170.209 kr.

Bókun: Sveitarstjórn Langanesbyggðar samþykkir, með vísan til bréfs dags. 4. október 2016, að nýta forkaupsrétt sinn sem nemur 170.209 kr. Sveitarstjóra falið að ganga frá málinu.

6 samþykkir, Halldóra Jóhanna situr hjá.

3. Innsent erindi – Nýtt rekstrarleyfi til sölu gistinga – ósk um umsögn

Sýslumaðurinn á Norðurlandi eystra hefur óskað eftir umsögn um umsókn um nýtt rekstrarleyfi til sölu gistinga í Fjarðarvegi 12.

Bókun: Sveitarstjórn Langanesbyggðar vísar erindinu til Atvinnu- og ferðamálanefndar og Umhverfis- og skipulagsnefndar til umsagnar.

Samþykkt samhljóða.

4. Ástand tengivega og afleggjara í sveitarfélaginu

Sveitarstjórn Langanesbyggðar leggur á það ríka áherslu að bæta þurfi viðhald og þjónustu á héraðs- og tengivegum í sveitarfélaginu. Um árabíl hafa umræddir vegir ekki notið fullnægjandi viðhalds og í ár hefur ekkert viðhald átt sér stað, vegna þessa eru vegir í sveitarfélaginu margir hverjir nánast ófærir akandi umferð. Sveitarstjórn bendir Vegagerðinni sem veghaldara á þá ábyrgð sem stofnunin ber samkvæmt vegalögum á ástandi vega og öryggi þeirra.

Bókun: Sveitarstjóra falið að koma ofangreindu á framfæri við Vegagerðina og þingmenn kjördæmisins.

4 samþykkir, Siggeir, Halldóra Jóhanna og Karl Ásberg sitja hjá.

5. Byggðastofnun – úthlutun aflamarks til Bakkafjarðar

Bréf lagt fram til kynningar.

Þann 5. október síðastliðinn sendi sveitarstjóri bréf til Byggðarstofnunar þar sem áréttaður er sá vilji sveitarstjórnar að Byggðastofnun úthluti Bakkafirði auknu aflamarki, það aflamark yrði nýtt til atvinnusköpunar með þeim hætti að fenginn yrði stærri bátur til veiða og afls unnin í byggðarlaginu. Með því væri hægt að auka atvinnuöryggi og þar með byggðafestu á vetrartíma þegar smærri bátar eiga erfðara með sjósókn.

6. Íslenska Gámafélagið – sorpurðun

Á 52. fundi sveitarstjórnar þann 26. september 2016 var staða mála kynnt, frumdrög að samningi lögð fram og sveitarstjórn gefin kostur á að koma með athugasemdir. Einnig var sveitarstjórn sent minnisblað með upplýsingum um moltugerð ásamt hlekkjum á fróðleik varðandi málið. Engar athugasemdir, spurningar né ábendingar hafa borist.

Oddviti tekur fundarhlé 17:08.



LANGANESBYGGÐ

Fundur settur aftur 17:10.

Bókun: Sveitarstjórn Langanesbyggðar vísar drögum að samningi til umfjöllunar í Umhverfis- og skipulagsnefnd og Atvinnu- og ferðamálanefnd. Sveitarstjórn felur sveitarstjóra að ljúka gerð samnings um sorphirðu og leggja fyrir næsta fund sveitarstjórnar.

4 samþykki, Siggeir, Halldóra Jóhanna og Karl Ásberg sitja hjá

7. Breyting á nefnd – Fræðslunefnd .

Gréta Bergrún Jóhannesdóttir er skipuð aðalmaður í Fræðslunefnd.

Bókun: Lagt er til að Gréta Bergrún verði formaður Fræðslunefndar.

4 samþykki, Siggeir, Halldóra Jóhanna og Karl Ásberg sitja hjá.

8. Skýrsla sveitarstjóra.

Oddviti flutti skýrsluna fyrir hönd sveitarstjóra en hann er staddur í stuttu fríi í Reykjavík.

Verið er að mála félagsheimilið og það gengur vel, fram hafa komið óskir um að setja nafnið framan á húsið og ráðstafanir hafa verið gerðar svo slíkt verði.

Verið er að mála íbúð í Hálsvegi 9.

Verið er að gera eina íbúð aldraðra sem hefur losnað tilbúna til leigu.

Framkvæmdir við skólann hafa gengið ágætlega. Búið er að múra gamla skólann að innan og langt komið að setja upp nýja milliveggi. Verklok ráðast af afhendingu á innréttingum í kennslustofurnar tvær og unnið er í að flýta þeirri afhendingu sem kostur er. Utanhúss frágangur er mjög langt kominn en panta þurfti klæðningarefni sem tafði þá vinnu aðeins.

Síðustu helgi var sveitarstjóri á Artic Circle ráðstefnunni og hélt þar erindi á hliðarfundi (e. breakout session) sem haldinn var af bremenport GmbH. Sveitarstjóri mun flytja sveitarstjórn nánari fréttir af fundum og öðru sem tengist verkefninu fljótlega.

9. U-listinn ítrekar ósk um gögn vegna 6 mán. uppgjors. Hreyfingalista eftir deildum og málaflokkum.

Sveitarstjórn voru send gögn vegna uppgjorsins þann 12. október 2016, hreyfingalista eftir deildum og málaflokkum.

10. U-listinn óskar eftir gögnum um kostnað sérfræðipjónustu ársins 2016 – flokkað eftir fyrirtækjum og verktökum.

Skrifstofa Langanesbyggðar mun taka umbeðin gögn saman og senda á sveitarstjórn.

11. U-listinn ítrekar ósk um að fá að sjá eldri samning á milli Langanesbyggðar og Íslenska Gámafélagsins.

Eldri samningur var sendur á sveitarstjórn þann 12. október 2016.



LANGANESBYGGÐ

Fundargerð upplesin og samþykkt samhljóða

Fundi slitið kl 17:30